

REGLUR

um undanþágu frá notkun öryggisbeltis.

1. gr.

Ekki er þeim skylt að nota öryggisbelti sem hefur meðferðis læknisvottorð er undanþiggur hann notkun þess af heilsufars- eða læknisfræðilegum ástæðum.

2. gr.

Enn fremur er ekki skylt að nota öryggisbelti:

- a. Við akstur í atvinnuskyni þar sem hraði er jafnan lítill og hlutaðeigandi þarf að fara úr og í bifreiðina með stuttu millibili.
- b. Við akstur lögreglubifreiðar við flutning handtekinna manna eða annarra, sem hætta kann að stafa af, og við sérstaka öryggisgæslu.
- c. Við akstur leigubifreiðastjóra við flutning farþega í atvinnuskyni.
- d. Við akstur við erfiðar eða hættulegar aðstæður utan þéttbýlis, svo sem í mikilli ófærð eða þar sem hætta getur verið á skriðuföllum eða snjóflóðum.

3. gr.

Reglur þessar sem settar eru samkvæmt 71. gr. umferðarlaga, nr. 50 30. mars 1987, sbr. lög nr. 44 7. maí 1993, öðlast gildi 1. júní 1993.

Jafnframt falla úr gildi reglur um notkun öryggisbeltis í bifreið, nr. 105 26. febrúar 1988.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 26. maí 1993.

Þorsteinn Pálsson.

Ólafur W. Stefánsson.

REGLUR

um undanþágu frá notkun hlífðarhjálms.

1. gr.

Ekki er þeim skylt að nota hlífðarhjálms sem hefur meðferðis læknisvottorð sem undanþiggur hann notkun hans af heilsufars- eða læknisfræðilegum ástæðum.

2. gr.

Reglur þessar sem settar eru samkvæmt 72. gr. umferðarlaga nr. 50 30. mars 1987, sbr. lög nr. 44 7. maí 1993, öðlast gildi 1. júní 1993.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 26. maí 1993.

Þorsteinn Pálsson.

Ólafur W. Stefánsson.